

Mættir

Indíana, Máni, Hildur Sólveig, Berglind, Gunnar, Anna María, Helga, Elías, Brynhildur og Ingibjörg Anna.

Fundarstjóri

Brynhildur

Ritari

Ingibjörg Anna

Dagskrá:

Starf skólaráðs 2015-2016: Skólastjóri bauð alla velkomna og sagði frá og dreifði blöðungi um skólaráð sem umboðsmaður barna dreifir á hverju hausti. Útskýrir tilgang skólaráðs og hlutverk nemendafulltrúa í ráðinu. Farið yfir verkefni ráðsins: Skólaráð fylgist með innra mati skólans; Skólareglur - ástæða til að endurskoða þær; Umhverfisstefna; Skólanámskrá sem hefur verið í uppfærslu síðan 2008; Skólinn á 50 ára afmæli á næsta ári spurning hvort skólaráð komi að að því.

Fundatími ráðsins: Fimmtudagur virðist henta vel. Að jafnaði eru 5 fundir á ári. Verða 3 fyrir áramót og þá 2 eftir áramót.

Skólastjóri óskar eftir að fundað verðu aftur eftir tvær vikur. Efni þess fundar verður að samþykkja Starfsáætlun skólans fyrir þetta skólaár og fjalla um námsmat. Mjög margt er ófrágengið varðandi þær breytingar á námsmati sem ljúka á fyrir útskrift vorið 2016 og mikil óvissa um framhaldið. Mikilvægt að bera nýjar upplýsingar undir ráðið. Stjórnendur hafa lofað að vera með kynningu á námsmati fyrir nemendur og forráðamenn í skólanum fyrir lok októbermánaðar.

Skóladagatal 2015-2016: Skóladagatöl í Garðabæ eru sameiginleg leik-og grunnskólum nema gúlir dagar þ.e. skertir dagar. Farið yfir hvaða dagar þetta eru. Elías spurði um foreldraviðtalsdag í október og Brynhildur áréttaði tímasetningu hans.

Ársskýrsla 2014-2015: Unnið er að lokafrágangi skýrslunnar. Engar athugasemdir. Berglind spurði um lítinn sérhóp sem starfræktur var vorið 2015 og skólastjóri sagði hann hafa skilað þeim árangri sem vonast hafði verið eftir.

Önnur mál: Berglind bar upp þrjár fyrirspurnir og verða þær teknar til umræðu á næstu fundum: 1) Tölvunotkun í skólanum mega nemendur nota þær meira í kennslustundum? 2) Vespunotkun og umferðarfræðsla, er hægt að bæta hana í skólanum? 3) Upplýsingagjöf Garðalundar til foreldra, þarf að bæta hana? Bent á að foreldrar nýti sér ekki alltaf upplýsingaleiðir eins og facebook síðuna. Umræða um hvort Stelpukvöld hafi farið yfir strikið. Foreldrar hafa áhyggjur af því að sumir nemendur missi af kynlífsfræðslu sem fram fer í Garðalundi í aðdraganda skíðaferða.

Fundi slitið kl. 17.10